

Móttökumiðstöð fyrir nýja starfsmenn // Spurt og svarað

Af hverju er verið að stofna móttökumiðstöð fyrir nýja starfsmenn?

Móttökumiðstöðin er svar við ákalli stjórnenda um aukna aðkomu mannauðsfólks að aðlögun nýrra starfsmanna. Sú þjónusta sem boðið er upp á nú í fyrstu byggir á niðurstöðum vinnustofu stjórnenda og mannauðsfólks frá því í mars síðastliðnum.

Hvert er markmiðið með móttökumiðstöð fyrir nýja starfsmenn?

Markmið með móttökumiðstöðinni er að halda betur utan um nýja starfsmenn Landspítala og sjá til þess að allir nýir starfsmenn fái sömu þjónustu á sínum fyrsta starfsdegi. Með þessu uppfyllum við einnig það markmið að nýir starfsmenn komi enn tilbúnari til starfa á sinni starfseiningu og geta farið beint í sérhæft aðlögunarferli hjá sínum stjórnanda.

Hvar er móttökumiðstöðin?

Móttökumiðstöðin er staðsett í Skaftahlíð 24, 105 reykjavík. Móttökumiðstöðin er á fyrstu hæð í norðurhúsi (húsið sem er fjær Miklubraut).

Hvenær er móttökumiðstöðin opin?

Móttökumiðstöðin er opin milli 8:30 og 11:30 alla virka daga. Mjög mikilvægt er að nýr starfsmaður mæti á slaginu 8:30 en þá byrjar dagskráin. Á árstímum þar sem mikið er um nýjar ráðningar á Landspítala verður móttökumiðstöðin líka opin eftir hádegi en það verður bókað sérstaklega.

Hversu langan tíma tekur þetta?

Áætlaður tími er tvær til þrjár klukkustundir, eftir fjölda sem mætir hvern dag.

Hver boðar nýja starfsmanninn?

Nýr starfsmaður fær **sjálfkrafa boð** um að mæta á fyrsta degi á ráðningarsamningi kl 8:30 í móttökumiðstöðina. **Forsenda þess** er þó að ráðningarsamningur sé gerður með samningsforminu í Aski og samþykktur með rafrænum skilríkjum eða samningur sé prentaður út og skannaður inn aftur. Ef ráðningarsamningur er gerður með gamla mótinu þá þarf sérstaklega að bóka starfmann á mottokumidstod@landspitali.is

- **Hvað með þá sem hafa ekki rafræn skilríki?**

Ennþá verður hægt að prenta út pdf skjal og skrifa undir ráðningarsamning eins og áður og skanna hann síðan inn í samningsformið. Landspítali mælist þó til þess að allir verði sér úti um rafræn skilríki en það er bæði betra verklag ásamt því að vera umhverfisvænna.

Hvað er gert í móttökumiðstöðinni

Í móttökumiðstöðinni býður starfsfólk mannauðs- og starfsumhverfiseildar nýja starfsmenn velkomna til starfa. Boðið er upp á nýliðakynningu þar sem farið er yfir starfsemi Landspítala ásamt því að ýmis hagnýt mál afgangsmál, s.s. auðkenniskort og aðgangsmál. Að auki á sér stað nýráðningarviðtal við starfsmannahjúkrunarfræðing þar sem farið er yfir bólusetningar og þörf fyrir frekari skimun metin.

Fyrir hverja er móttökumiðstöðin?

Móttökumiðstöðin er fyrir alla nýja starfsmenn Landspítala og mæta þeir sinn fyrsta dag í starfi áður en þeir mæta til vinnu á sinni einingu.

- **Hvað með nema?**

Til að byrja með verða fara namar ekki í móttökumiðstöðina formlega. Aftur á móti hitta namar starfsmannahjúkrunarfræðinga sem hafa aðstöðu í móttökumiðstöðinni og fá á sama stað auðkenniskort.

- **Hvað með þá sem eru nú þegar byrjaðir, mega þeir mæta í móttökumiðstöð**

Það er alveg sjálfsagt. Bóka skal starfsmanninn með því að senda okkur póst á mottokumidstod@landspitali.is

Er hægt að breyta bókunartíma í móttökumiðstöðina?

Já, það er gert með því að senda póst á mottokumidstod@landspitali.is. Við mælumst samt til þess að starfsmaður mæti í móttökumiðstöðina áður en hann mætir inn á sína starfseiningu.

Hvað með nýjastarfsmenn sem hafa áður unnið á LSH og eiga gamalt auðkenniskort?

Gott er að mæta með gamalt auðkenniskort með sér og þá er metið hvort hægt sé að endurnýja það. Oftast er þó gert nýtt auðkenniskort með nýrri mynd.

Hvað með nýja starfsmenn sem voru að vinna fyrir einu ári, þurfa þeir að mæta aftur?

Já, allir nýir starfsmenn sem eru að hefja störf hjá Landspítala, óháð því hvort þeir hafa unnið áður á Landspítala, þurfa að mæta í móttökumiðstöðina. Starfsumhverfi Landspítala er sífellt að breytast og gott fyrir alla að fara í gegnum smá upprifjun. Einnig eru aðgangsmál afgreidd í móttökumiðstöðinni ásamt því að starfsmenn hitta starfsmannahjúkrunarfræðing sem metur hvort starfsmaður þurfi nauðsynlegar skimanir eða bólusetningar áður en hann mætir á deild. Þetta er gert til að tryggja öryggi sjúklinga.

Hvernig er þetta greitt fyrir viðveruna í móttökumiðstöðinni ef nýi starfsmaðurinn er ekki á vakt á þessum tíma?

Ætlast er til þess að nýi starfsmaður sé bókaður á morgunvakt þegar hann mætir í móttökumiðstöðina. Annars er stimpilklukka á staðnum og getur starfsmaður stimplað sig inn og út úr móttökumiðstöðinni og þá er borgað eftir stimpilkluhkunni.

Hvað þarf stjórnandi að gera eftir að nýr starfsmaður kemur á deild?

Þegar nýr starfsmaður kemur á deildina þarf ekki að stofna leynihólf og bóka tíma í myndatöku og nýráðningarviðtal við starfsmannahjúkrunarfræðing. Nú getur stjórnandi nýtt tímann í að kynna nýjan starfsmann fyrir samstarfsfélögum, kenna á helstu kerfi og fara yfir aðlögunarferlið á deildinni.

Nú þurfum við nýja starfsmanninn nauðsynlega strax inn á deild, hvernig nálgumst við gögn og aðgangsmál?

Við mælumst til þess að starfsmaður komi fyrst til okkar í móttökumiðstöð og fái auðkenniskort, fræðslu, leynihólf og hitti starfsmannahjúkrunarfræðing sem athugar hvort bólusetningar séu í lagi og gerir aðrar skimanir sé þess þörf. Þetta er gert til þess að tryggja öryggi starfsmanna og sjúklinga. Við getum tekið á móti starfsmanni með litlum fyrirvara og því ættu allir að geta komið til okkar áður en þeir mæta á sína starfseiningu.

Hvernig kemst nýr starfsmaður til og frá Skaftahlíð og hver greiðir ferðakostnaðinn?

Starfsmaður mætir í móttökumiðstöðina á eigin vegum líkt hann gerir þegar hann mætir til vinnu. Skutla Landspítala fer einnig í Skaftahlíðina frá Fossvogi og Hringbraut. Þanta þarf sérstaklega skutluna frá Skaftahlíðinni og getur starfsfólk móttökumiðstöðvarinnar aðstoðað nýjan starfsmann við að koma sér yfir á rétta starfsstöð með skutlunni. Fari nýi starfsmaðurinn hins vegar á starfsstöð þar sem skutlan gengur ekki þá er það í höndum hvers og eins stjórnanda hvernig það er greitt.

Er gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða í Skaftahlíð?

Já, mjög gott aðgengi er fyrir hreyfihamlaða í móttökumiðstöðinni.

Er nýi starfsmaðurinn búinn í aðlögun þegar þessi dagur er búinn?

Nei, en nýi starfsmaðurinn hefur fengið góðan grunn á starfsemi Landspítala. Móttökumiðstöðin sér um hagnýt atriði sem og almenna kynningu á starfsemi spítalans. Nýi starfsmaðurinn þarf nú að fara í gegnum sérhæft aðlögunarferli á sinni starfseiningu og kynnast nánar nýju starfi, samstarfsfólki og vinnuumhverfi.

Má nýr starfsmaður koma þó ekki sé búð að undirrita ráðningarsamning?

Nei, forsenda þess að fá bókun í móttökumiðstöðina er að það sé til staðar ráðningarsamningur sem útbúinn er í Askí.

Hvað með þá sem byrja á kvöldvakt/næturvakt?

Starfsmaður fær boð um að mæta í móttökumiðstöð að morgni fyrsta dags á ráðningarsamningi. Því mælumst við til þess að starfsmaður byrji fyrsta dag sinn á morgunvakt eða geri ráð fyrir því að mæta sinn fyrsta dag að morgni. Ef hann þarf að byrja á kvöldvakt þá mætir hann til okkar um morguninn eða í vikunni áður.

Þarf nýr starfsmaður að mæta í allt í móttökumiðstöðinni eða er nóg að að koma bara í myndatöku?

Starfsmenn móttökumiðstöðvar fara í gegnum allt ferlið með nýjum starfsmanni og sjá þannig til allt nýtt starfsfólk fær sömu þjónustu á sínum fyrsta starfsdegi. Ekki er því nóg að ætla að nýr starfsmaður mæti einungis í myndatöku fyrir auðkenniskort.

Hvað ef nýr starfsmaður kemst ekki á móttökumiðstöðina sinn fyrsta starfsdag? Má hann koma daginn eftir eða jafnvel eftir mánuð?

Komist nýr starfsmaður ekki fyrsta starfsdaginn sinn á móttökumiðstöðina skal stjórnandi eða nýi starfsmaðurinn sjálfur hafa samband við starfsfólk móttökumiðstöðvarinnar mottokumidstod@landspitali.is og fá nýjan tíma. Mælt er með því að allir nýir starfsmenn komi á móttökumiðstöðina áður en mætt er til starfa á Landspítalanum, með því gætum við að öryggi sjúklinga og starfsmanna.

Hvað gerir nýi starfsmaðurinn eftir að dagskrá móttökumiðstöðvar lýkur?

Eftir komu á móttökumiðstöðina mætir nýi starfsmaðurinn á sína starfseiningu þar sem sérhæfð aðlögun fer fram nema stjórnandi hafi takið annað fram í upphafi ráðningar.

Nýr starfsmaður mætir á móttökumiðstöð fyrir hádegi og fer síðan á kvöldvakt kl: 15:30. Á nýi starfsmaðurinn að taka stutta vakt? Þ.e. fara móttökutímarnir upp í vaktina?

Nýi starfsmaðurinn útfærir þetta með sínum stjórnanda. Við mælumst til þess að starfsmenn mæti á morgunvakt á fyrsta degi og byrji daginn hjá okkur.

Hvað ef nýr starfsmaður byrjar um helgi?

Eigi nýr starfsmaður að hefja störf um helgi mælt með því að starfsmaðurinn mæti á móttökumiðstöðina í vikunni áður. Best er að haga því þannig að fyrsti dagur ráðningar lendi ekki á helgi, heldur á virkum degi vikunni áður. Mikilvægt er að búið sé að ganga frá ráðningunni áður en nýi starfsmaðurinn mætir.

Fæ nýr starfsmaður eitthvað að borða í móttökumiðstöðinni?

Móttökumiðstöðin er í Skaftahlíðinni og þar er mötuneyti með kaffihúsi sem selur samlokur, skyr og annað. Móttökumiðstöðin býður upp á kaffi og ávexti.

Mun móttökumiðstöðin bjóða upp á frekari þjónustu en hún gerir nú í upphafi?

Þjónusta sem móttökumiðstöðin býður upp á fyrst um sinn byggir á vinnustofu sem haldin var með stjórnendum og mannauðsfólki. Nú þegar móttökumiðstöðin hefur opnað mun koma í ljós hvar við getum bætt við okkur og komið enn betur til móts við þarfir stjórnenda. Við vonumst til þess í framtíðinni að geta bætt þjónustuna enn frekar og bætt við meiri fræðslu til starfsmanna.

Hafir þú tillögur að bættri þjónustu eða fleiri spurningar endilega sendu okkur línu á mottokumidstodin@landspitali.is.